

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs

48. fundur, haldinn á bæjarskrifstofum Lyngási, 1. mars 2012

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Sigrún Blöndal, Jóhann F. Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Einar Kr. Haraldsson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður. Emil Björnsson sat 2. dagskrárlið sem ráðgjafi vegna ráðstefnu um veiðar.

Dagskrá:

1. Dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar
2. Ráðstefna um veiðar innan þjóðgarðs 17. mars
3. Stjórnarfundur aðalstjórnar 29. febrúar
- Samgöngur - Innra skipulag - Þjóðgarðastofnun
4. Næsti fundur svæðisráðs
5. Önnur mál

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.05. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og fundargerð síðasta fundar

Björn Ármann formaður fór yfir dagskrá fundarins. Svæðisráðsmenn undirrituðu fundargerð síðasta fundar sem hafði verið samþykkt gegnum tölvupóst.

2. Ráðstefna um veiðar innan þjóðgarðs 17. mars

Þjóðgarðsvörður fór yfir drög að dagskrá sem hann hafði sent svæðisráði. Emil Björnsson hefur verið ráðgjafi Agnesar um ráðstefnuna og hún hefur leitað til Guðrúnar Jónsdóttur um að stýra ráðstefnunni og vinnuhópum. Umræður urðu um hvort ráðstefnan ætti eingöngu að snúast um svæðið innan þjóðgarðs eða veiðar á hálendinu í víðara samhengi. Niðurstaðan að einbeita sér að þjóðgarðssvæðinu og útgangspunkturinn væri stjórnunar- og verndaráætlunin þó að í framsögurindum og umræðum yrði komið inn á veiðar á jaðarsvæðum og nágrenni garðsins. Farið yfir tillögur um fyrirlesara og þá hagsmunaaðila sem leita á eftir tilnefningum til umframsögumenn. Þjóðgarðsverði falið að fá þá framsögumenn sem vantar og ganga frá dagskránni í samræmi við umræðu fundarins svo að auglýsa megi ráðstefnuna í næstu viku.

3. Stjórnarfundur aðalstjórnar 29. febrúar

Formaður greindi frá því helsta sem fram fór á fundi aðalstjórnar sem haldinn var 29. febrúar í Snæfellsstofu. Aðalumfjöllunarefni fundarins var að fara yfir tillögurnar frá samgönguhópnum og fátt annað rætt. Svæðisráð mun fá einhver mál er varða samgöngur á austursvæðinu til sín aftur til umfjöllunar. Innra skipulag þjóðgarðsins og tillögur um þjóðgarðastofnun var lítið rætt á fundinum. Formaður svæðisráðs greindi frá því að sveitarfélögin kringum þjóðgarðinn væru búin að koma sér saman um að senda umhverfisráðherra samhljóða erindi vegna skýrslu um þjóðgarðastofnun.

4. Næsti fundur svæðisráðs

Samþykkt að svæðisráð fundi stutt þegar ráðstefnunni hefur verið slitið þann 17. mars og ákveði þá hvenær næsti formlegi fundur verði.

5. Önnur mál

- a) Þjóðgarðsvörður greindi frá viðbrögðum við auglýsingu um störf á vegum þjóðgarðsins en umsóknarfrestur er ekki liðinn. Ragna Fanney mun fara í fæðingarorlof um miðjan júní og er verið að skoða hvernig það verður leyst.

- b) Skarphéðinn sagðist hafa séð auglýsta jeppaferð frá Útivist í Sigurðarskála og Hveragil 4. maí og bent þjóðgarðsverði á það í ljósi þeirrar umræðu sem varð hjá svæðisráði vegna sambærilegrar ferðar á síðasta ári. Umræður sköpuðust um vorferðir almennt og vetrarferðir í ljósi hlýnandi veðurfars.
- c) Fundur var haldinn 29. febrúar af Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs um hugsanlega sölu á Snæfellsskála til þjóðgarðsins. Agnes og Skúli Björn sátu fundinn og gerðu grein fyrir umræðum á honum. Stjórn FFF hefur samþykkt að fara í formlegar viðræður um möguleg kaup þjóðgarðsins á skálanum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.15.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Sigrún Blöndal

Skarphéðinn G. Þórisson

Einar Kr. Haraldsson